



Bláskógabyggð
Félagsheimilið, Aratungu
806 Selfoss

Garðabær, 30. janúar 2026

Málsnúmer: 202601-0061

AEP/BK/OKV

Efni: Hverabraut 7, 9, 11 og 16 til 18 - Skipulagslýsing

Vísað er til erindis Bláskógabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 9. janúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um lýsingu á aðalskipulagsbreytingu vegna Hverabrautar 7, 9, 11 og 16 til 18 á Laugarvatni. Í breytingunni felst að heimilt verður að vera með hótél með 160 herbergjum, veitingasal og leiksvæði á lóðunum. Áætluð stærð skipulagssvæðis er um 2 ha.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Skipulagssvæðið er að töluverðu leyti innan svæðis 741 á náttúruminjaskrá en um það segir:

Laugarvatn, Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.

Náttúrufræðistofnun hefur enn fremur tilnefnt svæðið á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, ferskvatnsvistgerða og fugla (sjá [Laugarvatn-Apavatn-Brúará](#)). Þar eru lagðar til aðgerðir til verndar svæðinu:

„Tryggja að ekki verði byggt of nærri vatns- og árbökkum. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða þarf að tryggja að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim. Gæta að mengun frá íbúa- og frístundabyggð og tryggja að jarðhitanyting spilli ekki sérstæðum jarðhitasvæðum.“

Mikilvægt er því að við skipulag hvers kyns framkvæmda sé tekið ríkt tillit til lífríkis svæðisins en sumar lóðirnar sem um ræðir eru vel undir 100 m frá vatnsbakkanum og sums staðar mögulega undir 50 m.

Kortleggja þarf vistgerðir á vettvangi og kanna útbreiðslu sjaldgæfra plantna en á þessum slóðum er m.a. fundarstaður vatnsagnar. Vatnsögn er mjög sjaldgæf plöntutegund og hefur aðeins fundist á þremur jarðhitasvæðum á sunnanverðu landinu en virðist horfin af einu þeirra og í greinilegri afturför á öðru. Hún er því á valista sem tegund í *bráðri hættu* (CR) auk þess að vera friðuð samkvæmt [auglýsingu nr. 184/1978 um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda](#).

Þá þarf að gera grein fyrir núverandi ástandi Laugarvatns og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnið sem og samlegðaráhrif við aðra starfsemi.

Ýmsar vaðfuglategundir hafa verið merktar á Laugarvatni, bæði með litmerkjum og GPS sendum, og má þar nefna stelka, hrossagauka og tjalda. Sýna niðurstöður þessara merkinga að fuglarnir nýta sér mikið



lóðirnar að Hverabraut 9 og 11, bæði að degi og nóttu til, ásamt nærliggjandi mýrlendi.¹ Einnig er vitað að jaðrakanar og heiðlóur nýta þessi svæði. Mjög líklegt má telja að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á varp þessara tegunda á svæðinu og nærliggjandi svæðum. Bæði mun framkvæmdin valda beinu búsvæðatapi auk þess sem sýnt hefur verið fram á að byggingar hafa neikvæð áhrif á þéttleika vaðfugla í næsta nágrenni.²

Að hrossagauk undanskildum, hefur átt sér stað fækkun hjá ofangreindum tegundum og á uppfærðum [váliða fugla](#) eru nú heiðlóa, stelkur og tjaldur flokkaðar sem tegundir í *nokkurri hættu* (VU) auk þess sem jaðrakan telst vera í *yfirvofandi hættu* (NT). Fækkunin hefur verið sérstaklega hröð á Suðurlandi og er talið að hana megi að hluta til rekja til búsvæðataps vegna aukinna umsvifa mannsins.³

Þá dvelur á Laugarvatni mikill fjöldi ýmissa vatnafugla allan ársins hring og telst svæðið alþjóðlega mikilvægur vetrardvalarstaður fyrir húsendur og gulendur og á farti hafa hundruð dugganda, skúfanda og toppanda þar viðdvöl.

Líklegt er að ferðaþjónusta af þeirri stærðargráðu sem hér er lagt til muni auka umferð fólks við vatnið og þar með truflun fyrir vatnafugla en nú þegar hefur umtalsverð uppbygging átt sér stað við vatnið. Þá mun framkvæmdin fela í sér búsvæðatap þeirra fugla sem verpa innan eða nýta með öðrum hætti skipulagssvæðið.

Náttúrufræðistofnun hvetur því til þess að umfang og eðli fyrirhugaðrar starfsemi á svæðinu verði endurskoðað með það að markmiði að lágmarka neikvæð áhrif á lífríkið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

¹ Tómas G. Gunnarsson og Böðvar Þórisson, óbirt gögn.

² Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. og Gunnarsson, T. G. (2024). Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. *Animal Conservation*, 27(5), 648-658. <https://doi.org/https://doi.org/10.1111/acv.12938>

³ Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.